


# STÍNUBIKARINN

1. Viðurkenningin er í tilefni þess að 34 ár eru liðin frá því að fyrsta ÍA konan keppti með íslenska kvennalandsliðinu. Það var Kristín Aðalsteinsdóttir, sem keppti með landsliði kvenna 1981 og er viðurkenningin nefnd Stínubikarinn. Gefandi bikars er Þorgeir og Ellert hf. og er afhentur í fyrsta skipti 2015.
2. Viðurkenninguna skal veita þeirri stúlku í 3. – 4. flokki sem sýnir bestan árangur á síðastliðnu ári að mati þjálfara þessara flokka og yfirþjálfara félagsins.
3. Afhenda skal viðurkenninguna á uppskeruhátíð yngri flokka að hausti til varðveislu í eitt ár, ásamt merktum bikar til eignar.
4. Setja skal skjöld með nafni og ártali viðkomandi stúlku á fót bikarsins og skrá veitingu viðurkenningar í fundargerðabók félagsins.

Samþykkt á fundi stjórnar uppeldissviðs Knattspyrnufélags ÍA, 6.október 2015.



---

Lárus Ársælsson, formaður  
stjórnar uppeldissviðs KFÍA